

 Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hávaða frá næturklúbbum

Búið til	22.6.2022 15:22:45
Höfundur	Ívar Vincent Smárason
Sent	22.6.2022 15:22:15
Tilheyrir	 MSS22060095 - Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hávaða frá næturklúbbum

Efni

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hávaða frá næturklúbbum
--

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	22.6.2022 15:22:15	Staða	Sent
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	9.9.9.9 Málalykil vantar		
Lykilorð	borgarráð		

Þátttakendur

Frá	Ívar Vincent Smárason (Ivar.Vincent.Smarason@reykjavik.is)
Til	usk@reykjavik.is

Innihald

MSS22060095
Sæl
Meðfylgjandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, dags. 10. júní 2022, um hávaða frá næturklúbbum er send heilbrigðisnefnd til meðferðar .
Kveðja,
Ívar Vincent Smárason
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4703
Ivar.Vincent.Smarason@reykjavik.is

Viðhengi

Fyrirspurn_áheyrnarfulltrúa_Flokks_fólksins_um_hávaða_frå_næturklúbbum.pdf (64 KB)
--

BORGARRÁÐ 10. júní 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hávaða frá næturklúbbum - MSS22060095

Fulltrúi Flokks fólksins hefur ítrekað vakið máls á að árum saman hafa íbúar, fjölmargir í miðbæ Reykjavíkur átt um sárt að binda vegna hávaðans frá næturklúbbum. Lögð var fram tillaga 2018 um að fylgja skuli reglugerð um hávaðamengun. Tillagan er enn í borgarkerfinu.

Óskað er eftir upplýsingum um hvað nýr meirihluta ætli nákvæmlega að gera til úrbóta, hvenær og með hvaða hætti? Ástandinu sem hér er lýst er næstum allar helgar og alla helstu frídaga ársins og eru sumir skemmtistaðir eins og Kofinn með dúndrandi hávaða frá kl. 20-01 á fimmtudögum. Íbúarnir hafa orðið fyrir gríðarlegum svefntruflunum af þeim sökum. Sé aftur minnst á Kofann þá tekur hann um 20 manns í sæti og er vart nema 40 fermetrar á stærð. Á þessum litla stað eru hátalarar þannig að allt húsið og nágrennið nötrar og tónlistin berst langar leiðir um byggðina. Þetta eru engin húsakynni fyrir diskótek. Nýr meirihluti hefur lagt mikla áherslu á mikilvægi góðs svefns og vistvænt og heilsusamlegt umhverfi. Engu að síður fær þetta að viðgangast. Flokkur fólksins hefur lagt á borðið ákveðnar lausnir sem vert er að skoða. Það má ekki bíða lengur með að setja sig í samband við íbúa og hagaðila og finna viðunandi flöt í þessu erfiða máli.



Reykjavík 11. júlí 2022

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) fékk sent þann 22. júní 2022 til svörunar fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hávaða frá næturklúbbum dags. 10. júní frá borgarráði.

Í fyrirspurninni er rakið að tillaga frá Flokki fólksins hafi verð lögð fram árið 2018 um að fylgja skuli reglugerð um hávaðamengun. Sú tillaga barst HER í maí 2022 til svörunar og var lagt fram svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 20. júní sl. á 130. fundi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur þann 23. júní sl. þar sem almennt er rakin aðkoma HER að hávaðamálum og ónæði í Reykjavík og þær skyldur rekstraraðila veitingarstaða um að fara að ákvæðum reglugerðar um hávaða nr. 724/2008. Það skal tekið fram vegna orðalags í tillögunni að ávallt skal fylgja ákvæðum reglugerðar um hávaða eins og annarri löggjöf.

Varðandi fyrirspurnina þá er ekki alveg ljóst hver hún er, en í erindinu er rakið það ónæði sem sannanlega hlýst af ákveðinni starfsemi veitingastaða sem eru með næturopnun, eru í lélegu húsnæði o.fl. Í fyrirspurninni er óskað eftir svar hvað meirihlutinn í borgarstjórn ætlar að gera í málunum. Því getur HER ekki svarað beint en HER vill ítreka það sem kom fram fyrra svari HER dags. 20. júní sl. og er hlutverk HER að sinna eftirliti með hávaða í umboði heilbrigðisnefndar. Ítrekað er að HER tekur allar kvartanir íbúa borgarinnar sem og gesta veitingastaða til skoðunar og öll mál sett í farveg eftir eðli máls gagnvart þeim sem málin varða.

Núna er komin í gang starfshópur á vegum borgarinnar um málefnið og er það vel. HER á fulltrúa í þeirri vinnu og mun sem áður leggja áherslu á rót vandans sem er í stuttu máli opnunartími vissra veitingastaða, staðsetning þeirra skv. skipulagi og leyfilegur fjöldi veitingastaða á ákveðnum svæðum í miðbænum, ástand húsnæðis sumra veitingastaða miðað við eðli starfsemi eða breytingar á upphaflega samþykktri starfsemi og að framfylgt sé að útvegaðar séu hljóðvistaskýrslur áður en samþykkt er starfsemi sem ætla má að valdi ónæði. Verði þessi mál ekki tekin til gagngerrar endurskoðunar mun ástandið verða áfram eins og það er í dag og hefur verið í lengri tíma þar sem eftirlitsaðilar einir og sér geta ekki afstýrt ónæðinu að óbreyttu. Vandamál vegna hávaða og ónæðis frá ákveðnum veitingastöðum í borginni eru ekki ný á nálinni og hefur HER gegnum áratugi bent á vandann sem þarf að taka á frá rótum eins og áður sagði.

Virðingarfyllt, f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri